



Landssamtökin

Proskahjálpar

Mannréttindi fyrir alla!

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 (notendaráð), 838. mál.

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að tryggja að öllum ákvæðum hans sé og verði framfylgt hér á landi. Í 4. gr. samningsins sem hefur yfirskriftina „Almennar skuldbindingar“ er sérstaklega kveðið á um skyldur ríkja til að tryggja að í löggjöf þeirra séu fullnægjandi ákvæði til að tryggja það.¹ Skylda ríkja til samráðs við fatlað fólk og samtök sem vinna að réttinda- og hagsmunamálum þess er einn af meginþáttum samningsins og er það sérstaklega áréttað í 3. mgr. 4. gr. samningsins:

Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Landssamtökin Proskahjálpar hafa skilning á þeim röksemdum sem fram koma í greinargerð með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar. Samtökin telja þó mjög mikilvægt og vísa í því sambandi m.a. til framannefndra skyldna ríkja samkvæmt samningi SP að í lögum sé nægilega skýrt kveðið á um samráðsskyldur stjórnvalda og framfylgd þeirra. Með vísan til þess sem að framan segir og þeirra réttinda og hagsmuna, sem ætla verður að þeim lagaákvæðum sem lagt er til að verði felld niður og/eða breytt sé ætlað að vernda, vaknar sú spurning, að mati samtakanna, hvort við gerð frumvarpsins hafi þess verið nægilega gætt að mæta þeim aðstæðum sem lýst er í greinargerð, án þess að skerða um of lagalega vernd þeirra réttinda og hagsmuna sem liggja til grundvallar umræddum ákvæðum laganna varðandi samráð.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður þroskahjálpar
Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri þroskahjálpar

¹ Í greininni segir m.a.:

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og mannfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) að samþykkja öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til þess að þau réttindi sem eru viðurkennd með samningi þessum verði að veruleika,

b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin, ...



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. júní 2020

2006005SA TP
Málalykill: 00.63

Efni: Breytingar á lögum um þjónustu við fatlað fólk - 838. mál 150. lþ.

Með umsagnarbeiðni, dags. 28. maí sl. var ofangreint þingmál sent til umsagnar hjá sveitarfélögum.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, var haft ákveðið samráð við gerð þess við Samband Íslenskra sveitarfélaga.

Allt frá setningu laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, hefur legið fyrir að brýn ástæða væri til þess að endurskoða fáein tilgreind atriði þeirra. Sambandið hefur lagt þunga áherslu á að þessi endurskoðun þurfi að eiga sér stað áður en kemur að þeirri víðtæku endurskoðun (innan þriggja ára frá gildistöku) sem velferðarnefnd lagði grunn að með breytingu á ákvæði til bráðabirgða með lögnum.

Lagaákvæði um notendaráð voru eitt af þessum tilgreindu atriðum, en jafnframt hefur verið kallað eftir endurskoðun á lagaákvæðum um sérfræðingateymi (20. gr. laganna) og um hlutdeild notenda í fæðiskostnaði (sbr. m.a. 7. gr. laganna).

Sambandið kom þessum atriðum á framfæri við ráðuneytið áður en lögin tóku gildi, sbr. bréf dags. 13. september 2018. Ráðuneytið svaraði þann 2. október 2018 og gerði þar lítið úr því að þörf væri á lagabreytingum. Afrit af bréfunum eru meðf.

Það er mjög miður að tækifærið skuli ekki hafa verið nýtt við framlagningu fyrirbyggjandi frumvarps til þess að taka á þessum tveimur atriðum þar sem mjög eindregið tilefni er til þess:

- Umrætt sérfræðingateymi (vegna barna með fjölþættan vanda og barna sem vegna fötlunar sinnar þurfa annars konar og meiri þjónustu en unnt er á veita á heimili fjölskyldna þeirra) sem skipað var þann 8. febrúar 2019 er algerlega óstarfhæft vegna óvissu um lagagrundvöll þess. Öll mál sem varða uppbyggingu úrræða fyrir börn skv. 21. gr. laganna eru því í uppnámi. Einu af gráu svæðunum svonefndu er því áfram viðhaldið meðan þessi staða er uppi.
- Úrskurðarnefnd velferðarmála hefur í a.m.k. einu máli fjallað um hlutdeild notenda fötlunarþjónustu í fæðiskostnaði. Það leiðir af niðurstöðu í því máli að nefndin telji ákvæði reglugerðar nr. 1054/2010 skorta lagastoð hvað varðar slíka hlutdeild. Í fyrrnefndu bréfi félagsmálaráðuneytisins er vísað til umræddrar reglugerðar nr. 1054/2010 sem hafi „um langa tíð“ verið með ákvæði um kostnaðarþátttöku „án þess að það hafi verið talin þörf á lagaheimild fyrir slíku“. Þessi tilvísun stenst hins vegar vart út frá niðurstöðu ÚrVel.

Sambandið gerir ekki ráð fyrir því að velferðarnefnd þingsins hafi tök á að bregðast við þessum atriðum við afgreiðslu fyrirbyggjandi frumvarps en vill hér með upplýsa

nefndina um þessa stöðu sem telja verður býsna alvarlega, sérstaklega að lögskipuð nefnd hafi ekki náð að starfa í 16 mánuði eftir að hún er skipuð vegna skorts á viðhlítandi lagaheimildum.

Um efni frumvarpsins

Eftir gildistöku laga nr. 38/2018 kom í ljós óvissa um fyrirkomulag samráðs við hagsmunasamtök notenda fötlunarþjónustu.

Óvissuna mátti rekja til þess að í lagasetningarferlinu var ákveðið að ramminn um fyrirkomulagið væri í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga fremur en lögum um þjónustu við fatlað fólk. Það varð til þess að í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eru ákvæði um „samráðshóp um málefni fatlaðs fólks“ en á hinn bóginn er mælt fyrir um það í lögum um þjónustu við fatlað fólk að leita skuli umsagnar „notendaráðs“.

Sú óvissa sem upp kom birtist í því að um sitthvoran aðilann væri að ræða. Þannig ætti bæði að starfrækja samráðshóp og notendaráð.

Sambandið lýsti þeirri afstöðu að í löggjafarvinnunni hefði sá skýringarkostur ekki verið uppi á borðinu að ný og breytt ákvæði 8. gr. og 42. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, mætti lesa þannig að sveitarfélög væru skuldbundin til þess að starfrækja tvenns konar samráðsvettvang annars vegar (1) samráðshóp um málefni fatlaðs fólks og hins vegar (2) notendaráð í þjónustu.

Að mati sambandsins blasti sá skýringarkostur við að vísun í notendaráðs í lögum nr. 38/2018 væri til samráðshóps skv. 42. gr. laga nr. 40/1991, m.s.b. Væru hins vegar áhöld um það væri einboðið að vinna að lagabreytingum. Sjá nánar fylgiskjal með tölvupósti sambandsins til félagsmálaráðuneytisins dags. 28. júní 2019.

Ráðuneytið hugðist leysa úr málinu með útgáfu leiðbeininga en valdi síðar að leggja fram frumvarp það sem hér er til meðferðar. Sambandið styður fyrir sitt leyti þá breytingu sem lögð er til og óskar eftir því að velferðarnefnd taki af skarið um þann skýringarkost í nefndaráli sínu að samráðshópar um málefni fatlaðs skv. félagsþjónustulögum séu þau „notendaráð sveitarfélaga“ sem fjallað verði um í reglugerð settri á grundvelli breyttrar 7. gr. laganna nái frumvarpið fram að ganga.

Tekið skal fram að sambandið hefur rætt fyrirkomulag samráðshópa/notendaráða við hagsmunasamtök notenda nú síðast á reglulegum samráðsfundi sambandsins og Landssamtakanna Proskahjálpar sem haldinn var þann 29. október 2019, sbr. og bréf sambandsins til landssamtakanna dags. 29. maí 2019.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal

Tölvupóstur sambandsins til félagsmálaráðuneytis dags. 28. júní 2019:

1906003SA - Drög að leiðbeiningum um samráðshópa um málefni fatlaðs fólks



Tryggvi Þórhallsson
To: Birna Sigurðardóttir; Þór Hauksson Reykdal
Cc: postur@frn.is



28.6.2019

Sæl verið þið,

vísá til fundar í gær þar sem farið var yfir uppkast að leiðbeiningum um tilurð samráðshópa um málefni fatlaðs fólks. Jafnframt til bréfs sambandsins til Landsamtakanna Þroskahjálpar, dags. 29. maí sl.

Áréttað er að við undirbúning og meðferð frumvarpa til þeirra laga sem tóku gildi þann 1. október 2018, var sá skýringarkostur ekki uppi á borðinu að ný og breytt ákvæði 8. gr. og 42. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, mætti lesa þannig að sveitarfélög væru skuldbundin til þess að starfrækja tvenns konar samráðsvettvang, annars vegar samráðshóp um málefni fatlaðs fólks og hins vegar notendaráð í þjónustu. Má raunar öruggt telja að í huga allra þeirra sem að þessu löggjafarstarfi komu hafi verið skýrt að um einn og sama vettvanginn væri að ræða, þótt honum væri falið að fjalla um margvisleg málefni. Samkvæmt því átti skýringarkosturinn að vera sá að tilvísun til notendaráðs í lögum nr. 38/2018 væri til samráðshóps skv. 42. gr. laga nr. 40/1991, m.s.b.

Sambandið hefur hins vegar skilning á þeirri afstöðu að lögbundin umsögn skv. 7. gr. laga nr. 38/2018, verði vart láatin í té án þess að raunverulegir notendur þjónustunnar hafi komið að því ferli. Ofangreindur skýringarkostur tryggir hins vegar ekki að notendur eigi alltaf aðkomu að ferlinu. Að mati sambandsins er sú aðstaða fyrst og fremst til marks um að löggjafinn þurfi að skýra umrædd ákvæði og skerpa á inntaki þeirra. Í því efni kemur vel til álita að mati sambandsins að tilnefninga hagsmunasamtaka verði alltaf aflað að teknu tilliti til þess að jafnvægi ríki milli fulltrúa sem sjálfir eru, sem fatlaðir einstaklingar, notendur þjónustu og hinna sem eru fulltrúar hagsmunasamtaka, m.a. vegna sérfræðiþekkingar.

Jafnframt þarf að taka af skarið um hverjir teljist vera „notendur þjónustu“ í ferli skv. 7. gr. laga nr. 38/2018 (sbr. einnig 8. gr. og 11. gr. laganna).

Rétt er að benda á að við afgreiðslu umræddra frumvarpa kom fram bæði hjá félags- og barnamálaráðherra og velferðarnefnd þingsins, að engin fyrirstaða yrði á því að skoða einstök ákvæði laganna ef agnár kæmu fram á þeim í framkvæmd.

Með vísan til umræðu á fundi gærdagsins gerir sambandið út af fyrir sig ekki athugasemd við að drög leiðbeininga um framkvæmd gildandi laga séu sett á samráðsgátt en telur einboðið að samhliða verði unnið að lagabreytingum skv. ofangreindu.

Með kveðju f.h. sambandsins,
Tryggvi Þórhallsson lögfr.